

---

# Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (Spørgsmål)

Fundarstjóri. Kærar þakkir fyrir áhugaverðan og góðan fyrirlestur. Nú kom fram í fyrirlestrum tveggja sérfræðinga, sem ræddu málefni flóttamanna í gær, að Evrópa hefur áður staðið frammi fyrir miklum áskorunum af svipuðum toga, þ.e. miklum mannfjöldabreytingum. Fulltrúi OECD taldi að Evrópa hefði nú þegar sannað að hún hefði bæði styrk og getu til að takast á við flóttamannavandann eins og hann steðjar að okkur núna þó að hann sé af sögulegri stærðargráðu og mun meiri en verið hefur. Það sem skilur á milli þess sem er núna og þess sem áður hefur verið er að nú þarf samstarf. Spurningin er: Hvaða hindranir eru helstar í vegi fyrir því að Norðurlöndin geti haft raunverulegt samstarf um þetta vandamál eins og það blasir við okkur núna? Er þetta kannski meira spurning um vilja en getu?

## *Skandinavisk oversættelse*

Ordstyrer. Mange tak for et interessant og godt indlæg. Nu fremgik det af indlæggede fra de to specialister, der diskuterede flygtningespørgsmålet i går, at Europa står over for mange tilsvarende udfordringer, dvs. store demografiske ændringer. OECDs repræsentant anså, at Europa allerede har demonstreret både en styrke og kapacitet til at håndtere den flygtningekrise, som vi oplever nu, til trods af det historiske omfang, samt at den er en del større end tidligere. Forskellen i forhold til tidligere er, at nu er der brug for samarbejde. Spørgsmålet er: Hvilke hindringer er der hovedsageligt i vejen for, at de nordiske lande reelt kan samarbejde om problemet, sådan som det ser ud nu? Handler det måske mere om vilje end kapacitet?

---

## Information

Tal nummer

160

Typ

Spørgsmål

Person

[Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir](#)

Speaker role

Socialdemokratiske Gruppe

Datum

28.10.15 16:17